



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudagur 6. maí 2024



Níundi fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 6. maí 2024 kl. 12.00.

Mættir voru Guðmundur B. Ólafsson, Arnar Þorkelsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Umsókn um HM 2029/2031
Umsókn Íslands um HM 2031 var samþykkt og mun Ísland halda mótið ásamt Dönum og Norðmönnum
 - b. Fundur HFE
GBO var á fundi með Handball Forum of Europe og kynnti þau helstu málefni sem þar voru rædd
 - c. A landslið karla
A landslið karla hefur leik í undankeppni HM á miðvikudaginn þegar liðið mætir Eistum. Leikurinn er kl.19.30 í Laugardalshöll.
 - d. Búningamál
RG kynnti tillögur varðandi búningamál og verður vonandi gegnið frá samningum í maí.
 - e. Skólamót HSÍ
Skólamót HSÍ frestast til september og verður þá haldið þar á 4 stöðum um landið.
 - f. Evrópukeppni Vals
Valur er komið í úrslitaleiki í Evrópukeppni félagsliða og hefur náð frábærum árangri. Stjórn HSÍ samþykkir að breyta reglugerð HSÍ um aðgönguskírteini þar sem Evrópukeppni er undanskilin frímiðum hjá aðgönguskírteinum.
3. Fjármál HSÍ
RG kynnti stöðu fjármála HSÍ en staðan er grafalvarleg þar sem lausafjárstaða sambandsins er þung. Mikill kostnaður hefur legið í landsliðsverkefnum og sjónvarpsmálum. Gæta þarf mikils aðhalds í rekstri næstu mánuði. Svör yfirvalda og ÍSÍ varðandi aukin kostnað afreksmála er að ekki komi til neinna hækkana á styrkjum árið 2024 og sérsamböndin verði að skera niður í afreksmálum.
4. Starfsmannamál
RG fór yfir starfsmannamál HSÍ en þörf er á því að ráða inn hendur á skrifstofuna. GBO og RG fá umboð til að klára ráðningar.
5. Ársþing HSÍ
Af óviðráðanlegum ástæðum var ákveðið að fresta ársþingi til föstudagsins 24. Maí. Skipa þarf uppstillingarnefnd en það vantar frambjóðendur í embætti gjaldkera og markaðsnefndar sem og varamanna í stjórn. Reynir, Kristín og Arnar eru skipuð í nefndina.
6. Önnur mál



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari